

KJARVAL

20% afsláttur SS Caj P's lambalærissneiðar **2262** kr./pk. verð áður 2828

Skólinn er að byrja!

20% afsláttur SS grískar grisahakkasneiðar **1430** kr./kg verð áður 1768

Allra samlokubrauð **159** kr./pk.

Heimilissjógurt, 3 tegundir **199** kr./flk.

Skrift 1, Skrift 2 og Reikningsbókin mín **159** kr./flk.

Pennaveski, kringlótt og flöt **899** kr./flk.

Logic 300, A4, 80 g ljósrítunarpappír **799** kr./pk.

Blýantur HB m/stroklabri, 24 stk. **399** kr./pk.

Sölubók A4 **349** kr./flk.

Sölubók A5 **299** kr./flk.

Sölubók A4, 5 faga **898** kr./flk.

Tréllitir, 8 stk. **189** kr./pk.

Kjarsval Klaustrisími: Sími 487 4616 Vík: Sími 487 1325 Husólvík: Sími 585 7590 Þorlákshöfn: Sími 585 7595 Helir: Sími 585 7585


VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð.

Verð á Klaustri 14. og 15. ágúst (laugardag og sunnudag)



Áhugasamir pantið tíma í síma:

587-2999 eða 866-0474
Sigrún Inga



SMÁAUGLÝSINGAR

Fjórir kettlingar

gefins í Vík s: 8673883 Haukur

Auglýsendur ath.

Vitanum seinkar um einn dag í næstu viku, þ.e. verður unnin miðvikudaginn 18. ágúst, fer í dreifingu fimmtudaginn 19. ágúst.

Auglýsingar berist fyrir kl. 10. miðvikudaginn 18. ág.

Útg.

Nýr Vestur-Skaftfellings: Hrefna Helgadóttir fædd 09.06. 2010 Foreldrar: Helgi Már Karlsson úr Vík og Ólöf Ágústa Erlingsdóttir, búsett í Mosfellsbæ.



Skrifstofa Skaftárhrepps verður lokuð

frá miðvikudegi 11. ágúst t.o.m. föstudags 13. ágúst 2010 vegna sumarleyfa.

Sveitarstjóri

32. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 11. ÁGÚST 2010

Ströndin

BISTRO & BAR

Ströndin - dansleikur Laugardagskvöld 14. ágúst

Sixties

18 ára aldurstakmark



Miðaverð 1500,-

Húsið opnar á miðnætti



Landgræðslufélag Skaftárhrepps

auglýsir fræðslu- og skemmtiferð um Hekluskóga

Á aðalfundi Landgræðslufélags Skaftárhrepps á s.l. vetri var samþykkt að fara landgræðsluferðina í Rangárþing þetta árið og kynna sér Hekluskógaverkefnið. Farið verður frá Skaftárskála **sunnudaginn 22. ágúst n.k. kl. 09:30** og haldið beint í Gunnarsholt. Þar tekur á móti okkur Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri og býður upp á kaffi og stutta kynningu á starfsemi Landgræðslunnar, c.a 1 klst. Því næst fer Hreinn Óskarsson framkvæmdastjóri Hekluskóga með okkur í kynningar- og skemmtiferð um Hekluskógasvæðið, c.a. 3-4 klst.

Á heimleiðinni stefnum við að því að borða saman á Hótel Skógum. Þar er fínt hlaðborð fyrir ca. 4.000 kr. - pr. mann. (Þetta endanlega verður ákveðið í ferðinni).

Þeir sem áhuga hafa á að fara í ferðina tilkynni sig hjá stjórnarmönnum í síðasta lagi fimmtudaginn 19. ágúst.

Þá verður tekin ákvörðun um hvort sameinast verður í eigin bíla eða fenginn einn bíll fyrir hópinn. Fer eftir fjölda og stemmingu.

Munið eftir að taka með ykkur nesti til að njóta í skógarlundum Hekluskóga.

Vonumst til að sjá sem flesta
Stjórn Landgræðslufélags Skaftárhrepps

Eyþór sími: 899-9279
Sverrir sími: 895-9055
Sólrún sími: 895-8018

Dagar helgaðir dýrlingum

Ágúst hefst með Bandadegi. En þessi dagur er helgaður lausn Péturs postula úr fangelsi Heródesar í Agrippu. Um þennan atburð má lesa í Bibíunni, 12. kafla Postulasögunnar.

2. ágúst er Ólafsmessa hin síðari. En Ólafur konungur Haraldsson var konungur Noregs og féll í hinni frægu orustu á Stiklastöðum 1030. Skömmu eftir andlát Ólafs virðast hafa orðið til um hann helgisagnir og einu ári og fimm dögum eftir andlátið var lík hans grafið upp og segir sagan að bæði hár hans og neglur hafi vaxið sem á lifandi manni. Ólafsmessa hin síðari miðast við þennan uppgroft.

10. ágúst er Lárentíusmessa eða Lafransmessa. Lárentíus var píslarvottur í Róm og einn af helstu píslarvottum frumkristninnar. Voru meðal annars send bein af honum til Englands er kristni var að festa þar rætur. Hann var líka dýrkaður á Norðurlöndum. Nánar má lesa um Lárentíus á síðu 703 í bókinni Saga daganna.

15. ágúst er Maríumessa en hún var haldin hátíðleg í minningu andláts hennar. Hér er að sjálfsögðu átt við Maríu mey móður Krists.

22. ágúst. Er messa með skrýtnu heiti eða Symfórianusmessa. Symfórianus var píslarvottur í Frakklandi. Hann var hálhöggvinn seint á annarri öld. Stundum var Symfórianusmessa talin marka upphaf hausts.

24. ágúst er Bartólómeusmessa. Bartólómeus var postuli sem, samkvæmt sögunni, boðaði kristni í fjarlægum löndum eins og Indlandi og Armeníu. Hann var tekinn af lífi á hryllilegan hátt. Talið er að líkamsleifar hans liggja í Róm nema handleggurinn sem mun hafa verið gefinn til Kantaraborgar á Englandi.

28. ágúst er Ágústínusmessa, messa Ágústínusar kirkjufoðurs. Ágústínus þessi stofnaði munkaklaustur sem var fyrirrennari Ágústínusarreglu prestlærðra. Á Íslandi voru nokkur munnkaklaustur af þeirri reglu. Í Þykkvabæ í Álftaveri, Helgafelli, Viðey á Möðruvöllum í Eyjafirði og Skriðu í Fljótsdal.

29. ágúst er kallaður höfuðdagur. Þann dag var Jóhannes skirari hálhöggvinn. Samkvæmt gamalli trú á veður að breytast um höfuðdag og á það veðurlag að haldast í næstu þrjár vikur.

Heimild: Námsgagnastofnun

Á DÖFINNI

GÖNGUFERÐIR FERÐAMÁLAFÉLAGS SKAFTÁRHREPPS SUMARIÐ 2010

22. ágúst, Dagsferð: Botnar – Hnauzar Fararstjórn: Júlíana Þóra Magnúsdóttir Akstur innifalinn – skráning fyrirfram
1. september: Kvöldferð: Með Brúnum; Hunkubakkar-Klaustur Fararstjórn: Björgvin Harðarson og Björk Ingimundardóttir Mæting við Hunkubakka kl. 19 (Skaftárskála kl. 18:50)

Hárgreiðslustofan á Kirkjubæjarklaustri lokuð vegna sumarleyfis frá 19. júlí til 23. ágúst.

Ströndin - dansleikur
Laugardagskvöld 14. ágúst

Landgræðslufélag Skaftárhrepps auglýsir fræðslu- og skemmtiferð um Hekluskóga frá Skaftárskála sunnudaginn 22. ágúst n.k. kl. 09:30

SAMHERJAR FÉLAG ELDRI BORGARA Í MÝRDAL OG AUSTUR-EYJAFJÖLLUM
Farin verður dagsferð út í Rangárvallasýslu 18. ágúst n.k

Golfmót á vegum GKV. í ágúst.
Fimmtudagur 12. ágúst kl. 19.00
Laugardagur 21. og sunnudagur 22. ágúst kl. 10.00

Síðsumarmót Hestamannafélagsins Sindra. Verður haldið á Sindravelli v/Pétursey laugardaginn 14. ágúst kl 10:30



Anna Kristín Jensdóttir

Það er glæsilegur árangurinn hjá Önnu Kristínu, dóttir Jens Andréssonar og Kristínar Þorsteinsdóttur frá Ytri-Sólheimum, en Anna Kristín vann sér þann titil að verða ellefta besta í heiminum í 100 m bringusundi fatlaðra.

Anna Kristín er fædd 28. apríl 1992, systkini hennar eru Ívar Jensson, Jón Þorsteinn Sigurðsson og Ellen Margrethe Jensdóttir.

Anna Kristín greindist 6 mánaða gömul með CP heilalömunum en þessi duglega stúlka hefur ekki látið það aftra sér frá þessum glæsilega árangri og byrjaði ung að árum í sundi sem sjúkrahjálfun hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra. Árið 2000 hóf hún að æfa sund hjá Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík, þá átta ára gömul. Hún æfir að eigin frumkvæði í Sundlaug Seltjarnarness á sumrin og hefur æft stíft í allt sumar.

Anna Kristín hefur starfað sem sjálfboðaliði, bæði fyrir Skagafjarðardeild og Hafnarfjarðardeild RKÍ og stundar nám á félagsfræðibraut Menntaskólans við Hamrahlíð.

Vitinn sendir Önnu Kristínu hamingjuóskir með frábæran árangur.

Lítill plastvatnabátur til sölu

Báturinn er 3 m langur og 1,20 á breidd, dýpt 55 cm.

Báturinn er með lokuðum hólf-um, með vottorð og viðurkenningu frá Siglingamálastofnum Ríkisins.

Ekki er vitað um tegund eða framleiðsluár en báturinn var á sínum tíma ferjubátur á Þjórsá.

Honum fylgir 6 ha chrysler utanborðsmótor.

Verð 50 þús. Nánari upplýsingar í sínum Vitans, eða 487 1299 Eyþór.



SAMHERJAR

FÉLAG ELDRI BORGARA

FÉLAG ELDRI BORGARA Í MÝRDAL OG AUSTUR-EYJAFJÖLLUM

Ferðanefndin auglýsir!

Farin verður dagsferð út í Rangárvallasýslu 18. ágúst n.k.

Meðal annars verður komið í sveitamarkað, farið að Gunnarsholti, Keldum og í Þorsteinslund.

Súpa verður í hádeginu í Hlíðarenda og kvöldverður á Hótel Önnu.

Áætlað verð: kr. 4.000,- pr. mann.

Brottför frá bankaplaninu klukkan 10 árdegis.

Þátttaka tilkynnist fyrir 15. ágúst til:
Áslaugar í s: 487-1109 og Þórdísar í s: 487-1128

Golfmót á vegum GKV. í ágúst.

Fimmtudagur 12. ágúst kl. 19.00

Tveggjakylfumót karla og kvenna punktkeppni með forgjöf.

Laugardagur 21. og sunnudagur 22. ágúst kl. 10.00

Meistaramót GKV karla og kvenna höggleikur með forgjöf
2 sinnum 18 holur.



Fimmtudagur 26. ágúst kl. 18.00

Hjóna og para keppni Texas Scramble punktkeppni
með forgjöf
9 holur opið mót.

Mótanefnd GKV.

Menningarmálanefnd Skaftárhrepps

Þakkar eftirtöldum fyrirtækjum og stofnunum sem styrktu tónlistarhátíðina Kammertónleika á Kirkjubæjarklaustri 2010 og gerðu hana þar með mögulega.

Hótel Geirland

Hótel Kirkjubæjarklaustur

Hótel Laki Efri-Vík

Menningarráð Suðurlands

Systrakaffi Kirkjubæjarklaustri

F.h.meningarmálanefndar Skaftárhrepps
Rannveig Bjarnadóttir formaður



Síðsumarmót Hestamannafélagsins Sindra

Verður haldið á Sindravelli v/Pétursey
laugardaginn 14. ágúst kl 10:30

Keppt verður í A-, B-, polla-, barna- og unglingsflokkum. Töltkeppni ef næg þátttaka fæst (minnst 10) Einnig kappreiðar 100 m og 150 m skeið, 300 m brokk og stökk.

Mótið ER opið öllum og bjóðum við Kópsfélaga sérstaklega velkomna til keppni.

Skráning ER hjá formanni á netfangið solheimar2@simnet.is og í síma **866 0786** og einnig á staðnum. En við hvetjum fólk til að skrá sig fyrirfram til að flýta fyrir á laugardeginum.

Veitt verða verðlaun fyrir 3 efstu sætin og spennandi verðlaun fyrir 1. Sæti í tölti.

Skráningargjöld fyrir A-, B- flokk og tölt 1500 kr og 500 kr fyrir kappreiðar.

Greiðast í síðasta lagi á staðnum fyrir keppni. Einnig hægt að greiða inn á reikning félagsins 0317-13-302622 kt 540776-0169

Hlökkum til að sjá ykkur öll
Mótanefnd

PS. Sjoppa á staðnum en ekki posi

Dagskrá mótsins og fyrirkomulag keppninnar ER að finna á
www.123.is/sindra